

Hinir 144.000

Þegar Jesús hékk á krossinum freistaði Satan hans þrisvar til að stíga niður af krossinum. Kristur hefði getað gert það því hann var Guð, en hann hékk á krossinum og mætti þessari síðustu hræðilegu freistingu. Þarna í myrkrinu og að því er virtist yfirgefinn af Guði, þekkti hann lyndiseinkunn föður síns, réttlæti hans, miskunn og óviðjafnanlegan kærleika. Það var fyrir trú að hann sigraðist á þeirri tilfinningu sem sagði honum að Guð hefði yfirgefið hann. Hann horfði framhjá kringumstæðunum og eigin tilfinningum og treysti Guði fullkomlega.

Rétt fyrir endurkomu Krists verður trú okkar reynd á sama hátt til hins ýtrasta. Þeir sem eiga þá trú sem standast mun hina „miklu þrengingu“ eru kallaðir 144 þúsundirnar í Biblíunni. Þetta er það fólk sem mun hafa sigrað eins og Kristur sigraði.

Þetta verkefni mun rekja reynslu þess hóps sem hefur heyrt og tekið við fagnaðarerindinu, réttlæti Krists eins og það birtist í boðskap englanna þriggja, og brugðist við þessum boðskap í trú.

1. Um hvað verður spurt á reiðidegi Guðs? Opinberunarbókin 6.12-17

Ath. Hér er átt við endurkomu Krists sem eru góðar fréttir fyrir hina trúuðu en slæmar fyrir vantrúaða.

2. Hvaða svipaðrar spurningar spyr Jesús í þessum texta? Lúkas 18.8 (s.hl.)

3. Hvert er svarið við spurningunni við endalok tímans? Opinberunarbókin 7.1-4

*Ath. Guð **mun** eiga sitt fólk áður en englarnir sleppa takinu á vindunum fjórum á jörðinni.*

4. Hvað táknar hinn eyðandi vindur í þessum texta? Jeremía 49.36-37

Ath. Vindur táknar stríðsátök, deilur, og eyðileggingu. Skoðað í ljósi deilunnar miklu milli Krists og Satans standa þessi eyðileggjandi öfl fyrir viðleitni Satans til að dreifa glötun og eyðileggingu alls staðar. Þessir englar halda aftur áformum óvinarins. Þeir halda hersveitum Satans í skefjum þangað til innsiglið Guðs fólks hefur átt sér stað. Þegar innsiglið er lokið mun Guð leyfa hinum eyðileggjandi öflum Satans að hvolfast yfir heiminn.

5. Hve margir verða innsiglaðir? Opínberunarbókin 7.4

Ath. Þessi tala er táknræn um hina trúföstu við endalok tímans rétt áður en Kristur kemur.

6. Má skilja þetta bókstaflega þannig að hinar 144 þúsundir séu af Ísraelsþjóðinni?

Galatabréfið 3.26-29; Rómverjabréfið 2.28-29; 4.11

Ath. Hinn trúaði er „andlegur“ Gyðingur samkvæmt Biblíunni. Þannig vísa þessar 144 þúsundir til hóps sem lýst er á táknrænan hátt. Talan 12 í Biblíunni vísar til þess sem fullkomið er eða algjört. 12 ættkvíslir Ísraels, 12 lærisveinar, o.s.frv. Þess vegna $12 \times 12 = 144$. Þúsundin er til áherslu, algjör heild og fullkonnun.

7. Hvernig lýsir Biblían þessum tíma? Daníel 12.1; Opínberunarbókin 12.12

Ath. Þegar fólk Guðs hefur verið innsiglað með Anda hans og er tilbúið að standast þessa erfiðu tíma þá mun hann leyfa þeim að hefjast. „Heift Satans eykst eftir því sem tími hans verður naumari, og blekkingarstarf hans og eyðilegging munu komast í hámark á tímum þrenginganna. Á hinnum munu brátt birtast óttalegar sýnir yfirnáttúrulegs eðlis, sem tákni um vald þeirra djöfla, sem furðuverk geta unnið... Og hámark þessa mikla sjónarspils blekkinganna verður það, er Satan sjálfur þykist vera Kristur.“
Deilan mikla, bls. 650-651.

8. Hvað þarf fólk Guðs að gera þennan tíma? Opínberunarbókin 14.12

Ath. Það mun þurfa að umbera átök og ringulreið á þessum tíma sem tilheyrir merki dýrsins. Það mun þurfa að reynast trúfast Guði og boðorðum hans.

9. Hvernig mun Guð reynast okkur á þessum tíma? Jesaja 41.17, 10

Ath. „Lýður Guðs mun ekki sleppa við þjáningar, en þótt hann sé ofsóttur og eymdum hlaðinn, þó að hann þoli skort og þjáist af hungri, mun hann ekki verða látinn tortímast. Sá Guð, sem verndaði Elía, mun ekki ganga framhjá neinum af óeigingjörnum börnum sínum. Hann, sem telur hárin á höfðum þeirra, mun gæta þeirra, og á tímum hungursneyðar mun hann sedja þá. Meðan hinir ranglátu farast úr hungri og sjúkdómum, munu englar skýla hinum réttlátu og sjá fyrir þörfum þeirra.“
Deilan mikla, bls. 656.

10. Hvernig er hinum 144 þúsundum lýst? Opínberunarbókin 14.1-5

Ath. Þessi hópur hefur nafn föðurins ritað á enni sitt. Þetta fólk er innsiglað í huga, þ.e. rótfest í sannleikanum, svo trúfesti þess við Guð haggast ekki. Hinar 144 þúsundir eru líka táknaðar sem meyjjar.

11. Hvað merkir táknið meyjja? 2 Korintubríf 11.2

Ath. Hinar 144 þúsundir hafa algjörlega helgast Kristi og eru honum hlýðnar.

12. Hvaða loforð gefur Guð fólki sínu? Júdasarbréf 24

Samantekt: Þrengingartíminn sem verður á undan endurkomu Jesú verður erfiður en Guð mun varðveita fólk sitt allt til endans. Guð mun innsigla fólk sitt með Anda sínum svo það geti staðist þessa erfiðu tíma. Guð gefur ekki slíkan styrk fyrr en hans er þarfnast. Við getum treyst því að Guð annast okkur dag frá degi og að hann veitir okkur styrk í réttu hlutfalli við mótæti hvers dags.

Svör við nr. 23

Spurning 1 – Hver fær staðist reiði Guðs?

Spurning 2 – Mun Mannssonurinn finna trúna á jörðinni þegar hann kemur?

Spurning 3 – Já, Guð mun eiga lýð á jörðu þegar hann kemur

Spurning 4 – Stríð og eyðileggingu

Spurning 5 – 144 þúsundir

Spurning 6 – Nei, þetta er andlegt táknmál

Spurning 7 – Tími hörmunga og þrenginga

Spurning 8 – Það mun þurfa að þreyja á þessum tíma með Guðs náð

Spurning 9 – Guð mun vernda okkur

Spurning 10 – Þeir fylgja lambinu hvert sem það fer og eru álitnir lýtalausir

Spurning 11 – Sanna fylgjendur Krists

Spurning 12 – Hann varðveitir okkur frá hrösun og lítur á okkur sem lýtalaus